Dómsmálaráðuneytið

Hagsmunasamtök Heimilanna

5. mars 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-58/2020 í samráðsgátt stjórnvalda

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka o.fl.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að ljúka innleiðingu tilskipunar 2018/843/ESB um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt hlynnt slíkum ráðstöfunum og vonast til að tæknileg útfærsla þeirra reynist vel í framkvæmd en benda jafnframt á að því þarf að fylgja eftir með skilvirku eftirliti.

Meðal þeirra aðila sem í 1. gr. frumvarpsins er ætlunin að fella undir lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, eru lánveitendur og lánamiðlarar samkvæmt lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að þetta eigi sér stoð í viðauka I í tilskipun 2013/36/ESB. Samtökin styðja þessa tillögu eindregið.

Á hinn bóginn vekur það athygli að ekki sé gerð samskonar tillaga um lánveitendur og lánamiðlara samkvæmt lögum nr. 33/2013 um neytendalán. Samtökin vekja athygli á að í umræddum viðauka við tilskipunina er getið um hverskyns aðila sem stunda lánastarfsemi, eða eignaleigu sem hér á landi þekkist til dæmis í fjármögnun bifreiða og atvinnutækja. Einnig er þar getið um aðila sem veita upplýsingar um lánshæfi, en hér á landi hefur hugtakið fjárhagsupplýsingastofa verið notað um slíka starfsemi sbr. 1. mgr. 15. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018.

Samtökin leggja því til að 1. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að auk lánveitenda og lánamiðlara samkvæmt lögum um fasteignalán til neytenda, nái hún einnig til lánveitenda samkvæmt lögum um neytendalán, aðila sem starfrækja eignaleigu og starfsemi fjárhagsupplýsingastofu. Þannig yrði betur tryggt að lögin nái vel utan um hverskyns fjármálastarfsemi og nátengda þjónustu. Jafnframt gæti það til að mynda nýst í baráttunni við ólöglega lánastarfsemi.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is